

8. FUNDUR SAMSTARFSNEFNDAR UM SAMEININGU Í A-HÚN

Priðjudaginn 23. febrúar 2021, var fundur haldinn í Zoom kl. 17.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Ragnhildur Haraldsdóttir, Einar Kristján Jónsson og Þóra Sverrisdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson, Valdimar O. Hermannsson og Gunnar Tryggvi Halldórsson varamaður sem mætti í stað Jóns Arnar Stefánssonar.

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Jón Hrói Finnsson og Róbert Ragnarsson

Jón Gíslason setti fundinn og stýrði dagskrá. Gestur fundarins var Magnús B. Jónsson.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynning á hugmyndum um umhverfisakademíu

Magnús Björn Jónsson mætti á fundinn og fór yfir hugmyndir um stofnun umhverfisakademíu með aðsetur að Húnavöllum. Lagt er til að skipaður verði 3-5 manna starfshópur til að móta verkefnið, leggja mat á hugsanlegan kostnað og kortleggja mögulega samstarfsaðila. Mögulegt væri að reka akademíuna sem lýðskóla eða á háskólastigi í samstarfi við einhvern háskólanna.

Rætt um hugmyndina og leiðir til að koma henni í framkvæmd.

Ákveðið að eftirtaldir einstaklingar skipi hópinn:

Magnús Björn Jónsson

Alexandra Jóhannesdóttir

Einar Kristján Jónsson

Magnús Jónsson, atvinnuráðgjafi SSNV

Róberti falið að boða til fyrsta fundar.

2. Vefsvæðið hunvetningur.is

Jón Hrói sýndi vefsvæði verkefnisins sem er tilbúið til birtingar á slóðinni hunvetningur.is

Nefndin lýsti yfir ánægju með vefsíðuna og samþykkti birtingu. Jóni Hróa falið að birta síðuna.

3. Minnisblöð starfshópa

Farið yfir minnisblöð starfshópa og þær breytingar sem orðið hafa frá síðustu fundum.

Minnisblöðin birtast á hunvetningur.is

Samstarfsnefnd leggur fram þá framtíðarsýn að stjórnarsýslu sveitarfélagsins verði skipt milli þéttbýlisstaða innan sveitarfélagsins þannig að lykilstarfsmenn geti hafi fasta viðveru á

báðum stöðum. Stjórnsýslu- og fjármálasvið, þróunarsvið og hafnarmál hafi aðalstarfsstöð á Skagaströnd en velferðarsvið, framkvæmdasvið, skipulags- og byggingafulltrúi og slökkviliðsstjóri hafi aðalstarfsstöð á Blönduósi. Sveitarstjóri hafi starfsaðstöðu á báðum stöðum.

Samstarfnefnd leggur jafnframt fram þá framtíðarsýn að Blönduskóli og Húnavallaskóli sameinist haustið 2022, ef sameiningartillaga verður staðfest í kosningu. Nefndin leggur til að kennslustaðir verði tveir og fyrirkomulag skólafarfa nær óbreytt fyrst um sinn en stefnt verði að því að starfsemin verði sameinuð á einn kennslustað eigi síðar en haustið 2024.

Mikilvægt er að undirbúningur að sameiningu skólanna verði vandaður og unninn í góðu samstarfi við foreldra, nemendur og starfsfólk. Skipulag nýs sameinaðs skóla taki mið af þörfum nemenda bæði úr dreifbýli og þéttbýli.

Samhliða sameiningu skóla á grunnskólastigi verði lagt mat á fýsileika sameiningar Barnabæjar og Vallabóls, sem komi til framkvæmdar síðar.

Samstarfsnefndin telur mikilvægt að húsnæðinu á Húnavöllum verði fundið nýtt hlutverk fyrir haustið 2024.

4. Íbúafundir

Rætt um fyrirkomulag og skipulag íbúafunda. Samþykkt að leita til teiknaranna Elínar Elísabetar og Rán Flygenring um myndlýsingar frá fyrri fundinum.

Róbert fór yfir drög að kynningu á niðurstöðum starfshópa sem farið verður yfir á fundinum. Ákveðið að kynna framtíðarsýn samstarfsnefndar í stjórnsýslu og skólamálu, sbr. afgreiðsla í dagskrárlið 3, og óska eftir sjónarmiðum íbúa.

Ákveðið að útbúa einblöðung til að senda á öll heimili í sveitarfélögunum fjórum til að tryggja að auglýsingar nái augum íbúa í tæka tíð.

5. Drög að skilabréfi

Farið yfir drög að skilabréfi. Vísað til næsta fundar.

6. Næsti fundur samstarfsnefndar

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verður haldinn á mánudaginn 8. mars kl. 17.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 19:00.